



Félag
löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 141/470
komudagur 13.11.2012

Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis

14. nóvember, 2012

Bt. Eiríks Áka Eggertssonar

Efni: Fundur með Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 26.september 2012 um störf endurskoðenda.

Þann 22. Júní 2012 óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd umsagnar Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) við frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög (lán til starfsmanna) 742 mál. Niðurstaða Álitsnefndar FLE var sú að ekki var talin ástæða fyrir umsögn og komu því engin viðbrögð frá félaginu, enda verið sú venja að gefa fyrst og frest umsögn um þau frumvörp sem hafa sérstaklega með störf endurskoðenda að gera. Var það mat nefndarinnar að umrætt frumvarp geri það ekki með beinum hætti. Þann 19. september barst félaginu tölvupóstur þar sem óskað var eftir nærveru fulltrúa félagsins „til að ræða störf endurskoðenda með hliðsjón af frumvarpinu“ eins og segir í póstinum. Fór fulltrúi félagsins á fund nefndarinnar og tók þar þátt í umræðum um frumvarpið og störf endurskoðenda ásamt öðrum kollegum sínum úr stétt endurskoðenda.

Varðandi frumvarpið sjálft þá er félagið sömu skoðunar og áður og mun því ekki veita umsögn eða gera athugasemdir við frumvarpið, aðrar en þær sem fulltrúi félagsins reifaði með óformlegum hætti á fundi nefndarinnar 26. september.

Á umræddum fundi kom fram ákveðin gagnrýni á endurskoðendum er snýr að skorti á frumkvæði að breytingum á lögum og reglugerðum er snúa að starfssviði þeirra og mögulegum breytingum í lagaumhverfinu. Af þessu tilefni þá vill FLE koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Félagið telur ekkert athugunar vert við það að ræða frumkvæði af þess hálfu hvað varðar lög og reglugerðir. Hafa ber þó í huga að slíkt frumkvæði er vandmeðfarið. Í gegnum tíðina hefur félagið leitast við að sýna slíkt frumkvæði og oftast en ekki með óformlegum hætti bæði gagnvart skattfyrirvöldum og hinum ýmsu ráðuneytum og eftirlitsaðilum. Sú stefna var þó tekin fyrir um tveimur árum að gera þetta með formlegri hætti og þá sérstaklega í ljósi þess að þá höfðu verið lögð fram frumvörp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og ársreikninga sem höfðu dagað uppi hjá Alþingi oftast en einu sinni. Var þá lagt í þá vinnu að fara markvisst yfir lög um ársreikninga (3/2006) og koma með tillögum til úrbóta. Í nóvember 2011 var síðan yfirgripsmikil skýrsla um ársreikningalögin á yfir 60 blaðsíðum afhent fulltrúum Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og lýsti félagið sig jafnframt reiðubúið til að koma að undirbúningsvinnu við gagngera yfirferð á þeim lögum sem og lögum um bókhald (145/1994).

Í kjölfarið á þessu hefur það síðan gerst að ráðuneytið hefur í auknu mæli leitað til félagsins varðandi ýmis málefni og gerð frumvarpa á undanförunum misserum og ber því að fagna. Félagið hefur jafnframt lagt sig fram við að upplýsa ráðuneytið og senda því gögn vegna þeirra umræðu sem hefur farið fram undanfarin misseri innan Evrópusambandsins, en FLE er aðili að FEE (Evrópusambandi endurskoðenda) þar sem haldnir eru reglulegir fundir um málefni endurskoðenda á vettvangi EU og FLE hefur tekið virkan þátt í.

Einnig vill félagið geta þess að mörg undanfarin ár hefur það átt í mjög góðu samstarfi við Ríkisskattstjóra þar sem aðilar hittast og fara yfir ýmis atriði er varða skattaleg málefni, bæði á vettvangi RSK og FLE.

Á fyrri hluta þessa árs átti síðan FLE frumkvæði af því að óska eftir fundi með FME þar sem kallað var eftir af hálfu félagsins nánara samstarfi og að FLE og FME myndaði ákveðinn samstarfsvettvang þar sem til umræðu væru þau málefni sem tengdust störfum endurskoðenda og þeirra krafna sem FME gerir til þeirra. Þetta samstarf hefur farið mjög vel af stað og er m.a. fram undan til skoðunar samskiptareglur endurskoðenda við FME, upplýsingaskylda og fleiri atriði.

Að lokum má geta þess að í sumar leitaði fjármálaráðuneytið til FLE við gerð skýrslu ráðuneytisins við úttekt hóps frá OECD um lagaákvæði og framkvæmd upplýsingaskipta á sviði skattamála, sem m.a. kemur inn á ársreikningalögin. Kom FLE með ýmsar ábendingar við skýrsluna bæði við vinnslu hennar og fyrir skil nú í september.

Af framansögðu þá telur félagið að það hafi reynt að leitast við að sýna ákveðið frumkvæði bæði hvað varðar lagaumhverfið og aukið samstarf, og ekki síður brugðist við óskum yfirvalda í gegnum tíðina við hin ýmsu skýrsluskrif þegar eftir því hefur verið leitað bæði frá stjórnarsýslunni og eftirlitsaðilum.

Félagið lýsir sig því hér með reiðubúið til að koma áfram að þeim verkefnum sem stjórnvöld eða opinberir aðilar telja að við getum lagt þeim lið í, eins og yfirferð laga og reglna, og myndi félagið taka slíkri ósk um samvinnu fagnandi enda yrði hún sett í skipulagt ferli.

Fyrir hönd stjórnar FLE,



Sigurður B. Arnþórsson,
framkvæmdastjóri FLE